

Mánudaginn 31. júlímánaðar.

Nr. 19/1893:

Hið opinbera

gegn

eigendum Bakkakirkju í Öxnadal, Jóni Jónassyni og Sigurði Jónassyni.

D ó m u r :

Mál þettaer í hjerði höfðað gegn hinum kærðu, bændunum Jóni Jónassyni og Sigurði Jónassyni, eftir fyrirmælum amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu fyrir meinta heimildarlausu töku á gamalli mynd af Guðbrandi Þorlákssyni Hólabiskup, sem mjög lengi hefði tilheyrt Bakkakirkju og fylgt ornamentis hennar, en kirkjan er eign hinna kærðu. Var málið dæmt í lögreglurjetti Eyjafjarðarsýslu 15. marz þ. á. þannig, að hinir ákærðu voru sýknaðir og málskostnaður lagður á hið opinbera. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu skotið til yfirdómsins.

Hinir kærðu hafa kannazt við það, að þeir hafi án þess að fá til þess samþykki stiptsyfirvalda eða biskups selt og afhent frá Bakkakirkju forna og slitna mynd af Guðbrandi biskup Þorlákssyni sem eign tjeðrar kirkju, en hinir kærðu eru eigendur kirkjunnar. Þykjast þeir hafa haft fullan rjett til þess að ráðstafa þessari eign kirkjunnar, án þess að leita samþykkis annara til þess.

Rjettur sá, sem bændakirkjueigendur hafa yfir kirkjum sínum, gózum þeirra og öðrum fjármunum, hefur frá því snemma á öldum verið bundinn ýmsum takmörkunum; þannig hafa þeir verið skyldir til að gjöra árlegan reikning fyrir tekjum og gjöldum kirku-

anna; fasteignir kirknanna má eigi selja nema með konungsleyfi, og á sama hátt hefur kirkjueigendunum verið óheimilt að farga skrautgripum kirknanna nema þeir fengju leyfi til þess, fyrrum biskupsleyfi, nú leyfi stíptsyfirvalda, enda hefur það við niðurlagning bændakirkna verið venja að ákveða, að ornamenta og instrumenta kirkjunnar skyldu hverfa til einhverrar annar kirkju, en ekki til eigandans. Það er þannig gömul lagaregla (lögvenja), sem kancellibrjef 19. apríl 1817 byggir á, er það bannar, að fargað sje fornum skrautgripum frá kirkjum, nema með samþykki kirkjustjórnarinnar. En þó að þessu sje þannig varið með umráðarjett bændakirkjueigenda yfir kirkjum þeirra og fjám þeirra, þá er á hinn bóginn eigi í lögum lögð við nein refsing eða önnur ábyrgð, er beitt verði í þessu máli gegn kirkjueigendunum, þótt þeir fargi slíkum munum sem þeim er þetta mál snertir, og verður því að dæma þá sýkna af kæru hins opinbera í málinu og að staðfesta undirjettardóminn í heild sinni. Áfrýjunarkostnað málsins ber og að greiða af almannaþje, þar með talin málf lutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsærslan við yfirdóminn lögmat.

#### Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannaþje, þar með talin málf lutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand.

jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors  
peirra.

Mánudaginn 7. ágústmánaðar.

Nr. 3/1893:

Teitur Th. Ingimundarson  
gegn

hreppsnefnd Hrafnagilshrepps.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í hjeraði af hinni stefndu hreppsnefnd Hrafnagilshrepps gegn áfrýjandanum Teiti Th. Ingimundarsyni úrsmið í Reykjavík til endurgreiðslu sveitarstyrks að upphæð 335 kr. 68 aur., er áfrýjandinn hefði þegið úr fátækra sjóði tjeðs hrepps, sem er fæðing-  
arhreppur hans, á árunum 1873—76. Málið var dæmt á bæjarþingi Reyjavíkur 28. júlí f. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða hinni stefndu hreppsnefnd greinda upphæð 335 kr. 68 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-  
degi til borgunardags og í málskostnað 12 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 13. jan. þ. á. og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur og hreppsnefndin eða hreppsnefndarmenn allir in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar, sem hefur verið veitt gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaður talsmaður, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hennar.